



**152. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar  
miðvikudaginn, 15. febrúar, 2006, kl. 17:00.**

**Formaður bæjarráðs, Ágúst Þór Bragason, setti fund og stjórnaði honum.  
Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.**

**Dagskrá og afgreiðslur:**

- 1. Endurskoðun á samþykktum um stjórn og fundarsköp Blönduóssbæjar.**  
*Farið yfir samþykktimar. Umræður urðu um tillögur til breytinga. Tillögum til breytinga vísað til umræðu í bæjarstjórn.*
- 2. 3ja ára fjárhagsáætlun 2007 – 2009.**  
*Umræður urðu um áætlunina. Vísað til síðari umræðu í bæjarstjórn.*
- 3. Greinargerð frá Norðurós ehf.**  
*Lögð fram greinargerð frá Norðurós ehf. um löndun byggðakvóta hjá fyrirtækinu.*
- 4. Tilkynning um ráðstefnu á vegum Sambands ísl. Sveitarfélaga.**  
*Ráðstefna um tækifæri íslenskra sveitarfélaga í alþjóðlegu samstarfi verður haldinn þ. 23. febrúar nk. Lagt fram til kynningar.*
- 5. Erindi frá SAH afurðum ehf.**  
*Lagt fram bréf, dags. 9. febrúar 2006 þar sem SAH Afurðir ehf. bjóða stofnsjóðseigendum og föstum starfsmönnum SAH að kaupa hlutafé í hinu nýstofnaða félagi. Bæjarstjóra falið að afla nánari upplýsinga.*
- 6. Skýrsla frá félagsmálaráðuneyti um reynslu og viðhorf flóttamanna á Íslandi.**  
*Skýrslan er send sveitarfélögum sem tekið hafa á móti hópum flóttamanna frá árinu 1996 og er lögð fram til kynningar.*
- 7. Bréf frá nefnd um endurskoðun laga um heilbrigðisþjónustu.**  
*Óskað er eftir athugasemdum við frumvarpsdrög vegna laga um heilbrigðisþjónustu. Vísað til umræðu í bæjarstjórn.*
- 8. Bréf frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga v. endurskoðun sjóðsins.**  
*Gefinn er viðbótarfrestur til að koma á framfæri athugasemdum og ábendingum varðandi endurskoðunar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.*
- 9. Bréf frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga v. úthlutun framlags.**  
*Áætlað úthlutað framlag til sveitarfélagsins vegna sérþarfa fatlaðra nemenda fyrir fjárhagsárið 2006 nemur 6.510.000,-.*



**10. Beitolönd H1 og H2.**

*Lagt fram minnisblað frá Landslögum, lögfræðistofu, dags. 14. febrúar 2006.*

*Bæjarráð álitur að miðað við fyrirliggjandi gögn í málinu séu ekki forsendur til að rífta skriflegum leigusamningi um beitarhólf H1 og H2. Bæjarstjóra falið að kynna málsaðilum niðurstöðu þessa og benda á rétt þeirra til kærueimildar.*

**11. Önnur mál.**

**a. Byggðakvóti.** *Lögð fram greinargerð frá Hjallanesi ehf., dags. 14. febrúar 2006.*

*Fundargerð upplesin og samþykkt.*

*Fundi slitið kl 18:20.*

*Ágúst Þór Bragason (sign.)  
Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)  
Valdimar Guðmannsson (sign.)*

*Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)*